



## STRÖND Í RANGÁRÞINGI YTRA

*Breyting á deiliskipulagi sorpurðunarsvæðis*

**20.03.2025**





## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

## SKIPULAGSFERLI

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_.

Deiliskipulagsbreyting var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_.

## AÐALSKIPULAGSBREYTING

### SKJALALYKILL

107550-GRG-001-V05

### HÖFUNDUR

BRE/MMR

### RÝNT

AJ

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR BREYTINGAR	4
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028	5
4	BREYTINGAR Á DEILISKIPULAGI	6
4.1	Breytingar á uppdrætti	6
4.2	Breytingar á greinargerð	6
4.2.1	Greinargerð fyrir breytingu:	6
4.2.2	Greinargerð eftir breytingu:	7
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9

## 1 INNGANGUR

Í gildi er deiliskipulag fyrir Strönd í Rangárþingi ytra sem samþykkt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 2. október 2013. Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s. br.

Markmið breytingarinnar er að rýmka fyrir núverandi starfsemi og þjónustu sem fer fram á sorpstöðinni að Strönd í Rangárvöllum, ásamt viðbótum vegna móttöku á mengandi úrgangi. Breyting er gerð á byggingarreitum og plönum undir starfsemi sorpstöðvarinnar, plön eru stækkuð og byggingarmagn aukið. Bætt er við byggingarreitum fyrir skemmur, starfsmannahús, eyðingastöðvar í formi brennslu og plönum fyrir meðhöndlun mengandi úrgangs auk lekavarna á urðunarreinum og plönum. Þá verður skoðað með endurnýtingu á eldri urðunarsvæðum, með það að markmiði að bæta landnýtingu svæðisins. Með breytingunni er einnig verið að stuðla að betri mengunarvörnum með auknu eftirliti og vöktun. Áætlað er að nýta hita úr brennslu til upphitunar vatns sem m.a. nýtist til húshitunnar.

Breytt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028, en þar er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði með heimild fyrir urðun og meðhöndlun sorps.

Unnið er að umhverfismati í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sem nær til fyrirhugaðra framkvæmda á Sorpstöðinni s.s. brennslu á blönduðum úrgangi. Unnið var mat á umhverfisáhrifum fyrir brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd í Rangárvöllum. Álit Skipulagsstofnunnar var gefið 15. júní 2021.

Deiliskipulagsbreyting er sett fram á skipulagsuppdrætti og greinargerð þessari.

## 2 FORSENDUR BREYTINGAR

Sorpstöð Rangárvallasýslu vinnur að deiliskipulagsbreytingu fyrir Strönd. Sorpstöðin hefur rekið móttöku- og flokkunarstöð á jörðinni Strönd frá árinu 1993 og er jafnframt eigandi jarðarinnar Strönd. Megin starfsemin er móttaka úrgangs af starfsvæðinu og urðun á óvirkum úrgangi og mun svo verða áfram. Fyrirhuguð breyting er til þess ætluð að hægt sé að auka umsvif stöðvarinnar, bæta meðhöndlun úrgangs og auka eftirlit. Möguleg móttaka mengandi úrgangs á Strönd felst í urðun á lekaheldu undirlagi urðunarsvæði og/eða uppsetningu á brennsluofni.

Sem stendur er ekki tekið á móti hefðbundinni urðun dýraleifa þar sem svæðið uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um förgun dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2, nema til komi verulega aukið eftirlit og meðhöndlun úrgangs. Dýraleifar frá Suðurlandi hafa verið urðaðar á Strönd og verður áfram, í takmörkuðu magni, á lekaheldri urðunarrein sem tryggir að hægt sé að uppfylla skilyrði starfsleyfis sem gildir um starfsemina. Einnig er stefnt að móttöku annars konar úrgangs s.s. seyru. Móttaka mengandi efna krefst mengunarvarna s.s. lekahelds undirlags í plönum og urðunarreinum ásamt meðhöndlun og hreinsun á efnum sem frá úrgangi og starfseminni kemur. Einnig er vöktun á jarðvegi og grunnvatni sem kemur frá urðunarsvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi byggingarreita og plana fyrir móttöku- og þjónustusvæði, vinnslusvæði, urðunarsvæði og mögulegt brennsluhús. Með uppbyggingu brennsluofns verður megináhersla á að brenna blandaðan úrgang frá heimilum og fyrirtækjum. Áætlað er að stöðug brennsla verði ofninum, m.a. til að minnka mögulega mengun og bæta nýtingu hans. Áætlað er að brenna allt að 20 tonn á sólahring. Hámarks afkastageta brennsluofnanna er 6000 tonn á ári. Áætlað er að nýta varmaorku frá brennsluofni til upphitunar hitaveitu á svæðinu. Þá verða gerð plön til að meðhöndla úrgang, s.s. seyru og lífrænan heimilisúrgang og annan úrgang sem krefst söfnunar á sigvatni. Þá verða plön við móttöku stækkuð, m.a. til að bæta aðstöðu til móttöku á sorpi frá einkaaðilum og fyrirtækjum. Á svæðinu eru urðunarreinar, gámar fyrir mismunandi úrgangsflokka, stórt flokkunarhús og móttökuhús, auk annarra mannvirkja sem starfsemin þarfnast. Áætlað er að nýta alla þá innviði sem til staðar eru á Strönd, eftir því sem mögulegt er, þ.m.t aðkomuveg, bílvog og plön.

### 3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 3.1 Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028

##### Iðnaðarsvæði (I)

Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæðið I1 í aðalskipulag. Stefna sveitarfélagsins er m.a. sú að unnið verði að umbótum í sorphirðumálum, m.a. með meiri flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu á skipulagstímanum.

IÐNAÐARSVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jarðir
I1	Strönd	Urðunarsvæði og mannvirki fyrir flokkun sorps og jarðgerð. Hluti svæðisins er ætlaður fyrir orkufrekan iðnað sem hefur litla mengun í för með sér. Hugsanlega verður svæðið nýtt að hluta til sem geymslusvæði vinnuvéla/tækja. Stærð svæðisins er um 83 ha.	Strönd

## 4 BREYTINGAR Á DEILSKIPULAGI

### 4.1 Breytingar á uppdrætti

Byggingarreitir I1 og I2 eru sameinaðir sem og nýjum byggingarreitum bætt við og breytast því heiti byggingarreita. Breyting er gerð á urðunarsvæði sem stækkar í takt við raunstærð núverandi urðunarsvæðis. Framtíðar urðunarsvæði minnkar samsvarandi.

Byggingarreitur I1 er stækkaður svo hægt sé að koma fyrir sambærilegu húsi/skemmu og er fyrir á reitnum auk þjónustu og móttökuhús við aðkomu að svæðinu. Móttökuplön eru stækkuð fyrir starfsemi á svæðinu og svo hægt sé að koma fyrir sambærilegum rampi og fyrir er til flokkunar sorps.

Byggingarreitur I2 stækkar til norðurs, austurs og suðurs svo hægt sé að koma fyrir um 200 m<sup>2</sup> húsi fyrir starfmannaaðstöðu.

Nýr byggingarreitur I3 er staðsettur nyrst á skipulagssvæðinu auk nýrrar aðkomu innan núverandi urðunarsvæðis, þar sem gert er ráð fyrir brennsluofni og skemmu, sem m.a. nýtist fyrir þvott og hreinsun gáma.

Nýr byggingarreitur I4 er staðsettur innan framtíðar urðunarsvæðis. Umhverfis byggingarreitinn er áætlað svæði fyrir sigbró með lekaheldu undirlagi. Færsla söfnunarþróar vegna sigvatns færist norðar og verður staðsett innan framtíðar urðunarsvæðis.

### 4.2 Breytingar á greinargerð

Breyting er gerð í kafla 4.1. þar sem skilmálum fyrir byggingarreiði er breytt og nýjum byggingarreitum er bætt við ásamt skilmálum. Kafla 4.3 um urðunarsvæði er breytt og bætt er við kafla 4.7 um vöktun/eftirlit.

#### 4.2.1 Greinargerð fyrir breytingu:

##### 4.1 Byggingar

I1 – Á byggingarreiði er gert ráð fyrir að byggja flokkunar- og móttökuhús, sem getur verið allt að 1.500 m<sup>2</sup> að stærð. Húsið er ætlað til móttöku sorps, flokkunar og umhleðslu á úrgangi. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 12 m m.v. hæð lands. Gert er ráð fyrir gámaplani vestan við flokkunarstöðina. Þar verða gámar fyrir grófari úrgang sem ekki er hætta á að fjúki s.s. timbur, járn, gler og byggingarúrgang, eða svokallaðan óvirkan úrgang. Á gámapelli og umhverfis skemmuna er gert ráð fyrir rúmgóðum malbikuðum/steyptum plönum með drenlögnum.

I2 – Á byggingarreiði er heimilt að byggja allt að 500 m<sup>2</sup> skemmu og allt að 100 m<sup>2</sup> hús fyrir stjórnstöð jarðgerðargáma. Mænishæð skemmu getur verið allt að 12 m. Plön verða malbikuð/steypt og gert er ráð fyrir drenlögnum af plönunum og frá skemmu. Í eða við jarðgerðarstöðina verður steipt plan fyrir blöndun úrgangs og stoðefnis og þrær fyrir stoðefni. Í tengslum við jarðgerðargáma verður byggð stjórnstöð sem stýra mun loftflæði sem m.a. mun draga úr lyktarmengun af svæðinu.

13 – Á byggingarreit er núverandi skrifstofa/afgreiðsla er norðan við bílvogina. Gert er ráð fyrir að húsið stækki í allt að 200 m<sup>2</sup> og verði fært til. Hámarkshæð er allt að 8 m. Bílvog er komið fyrir í steypu plani og verður áfram á sama stað.

#### 4.3. Urðunarsvæði

Nú þegar hefur verið fullurðað í suðurhluta svæðis og hefur það verið grætt upp. Grafa þarf reinar fyrir urðun nokkurn vegin jafnóðum þar sem sandurinn er laus í sér og hrynur úr hliðum ef gryfjur standa opnar í einhverja daga. Urðunarreinar eru allt að 5 m djúpar og við frágang er gert ráð fyrir að jarðvegur við yfirborð verði nálægt núverandi yfirborði lands. Gert verður dren sunnan og austan urðunarreinar. Þar sem þörf er á s.s. vegna urðunar úrgangs sem ekki er heimilt að jarðgera verður sett botnþétting og sigvatn leitt í sigþró. Gengið verður frá urðunarreinum jafn óðum og urðun lýkur og landið grætt upp.

#### 4.2.2 Greinargerð eftir breytingu:

##### 4.1 Byggingar

11 Sorpvinnslusvæði - Á byggingarreit er umhleðsluhús 938,5 m<sup>2</sup> að stærð skv. fasteignarskrá HMS. Gert er ráð fyrir brennslustöð fyrir blandaðan heimilisúrgang allt að 1.500 m<sup>2</sup> að stærð. Einnig er heimilt að byggja skemmu/vinnsluhús/tjaldhús, sem hvert um sig getur verið allt að 1.500 m<sup>2</sup> að stærð. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 12 m m.v. hæð lands og strompur brennsluhúss allt að 20 m. Gert er ráð fyrir gámaplani vestan við flokkunarstöðina. Þar verða gámar fyrir grófari úrgang sem ekki er hætta á að fjúki s.s. timbur, járn, gler og byggingarúrgang, eða svokallaðan óvirkan úrgang. Plön verða malbikuð/steypd og gert er ráð fyrir drenlögnum af plönnum og frá skemmu. Hámarks byggingarmagn reits er allt að 6000 m<sup>2</sup>.

12 Móttöku- og þjónustusvæði – Á byggingarreit er gert ráð fyrir móttöku viðskiptavina, verkstæði og aðra þjónustu tengda starfsemi stöðvarinnar auk starfsmannaaðstöðu. Innan reits er núverandi afgreiðsla/skrifstofa og bílavog, 39,1 m<sup>2</sup> að stærð skv. fasteignarskrá HMS. Á byggingarreit er heimilt að byggja allt að 800 m<sup>2</sup> þjónustu og móttöku hús. Húsinu er ætlað að hýsa starfsmannaaðstöðu auk þjónustuverkstæðis- og þvottaaðstöðu fyrir tækjabúnað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og mænishæð allt að 12 m. Bílavog er komið fyrir á steypu plani og verður áfram á sama stað. Ekki er gert ráð fyrir að vinnsla við úrgang fari fram á byggingarreitnum

13 Brennslusvæði - Á byggingarreit er heimilt að byggja allt að 1.100 m<sup>2</sup>. Gert ráð fyrir skemmu/húsi t.d. fyrir brennsluofn allt að 800 m<sup>2</sup> og mænishæð byggingar allt að 15 m, strompur/reykrör getur verið allt að 20 m. Heimild er fyrir yfirbyggðri aðstöðu/skemmu allt að 300 m<sup>2</sup>, fyrir gáma, þvotta og aðstöðu til skammtímageymslu gáma til að forðast smithættu. Tryggt skal að allt vatn vegna þvotta og við brennsluofn fari í meðhöndlun/hreinsivirki til að tryggja að mögulega sóttmengað vatn berist ekki út í jarðveg. Gerð og frágangur aðstöðu og fráveitu verður skv. reglum heilbrigðiseftirlits. Tryggja skal að lyktarmengun berist ekki frá starfsemi og skal setja ákvæði um það í starfsleyfi.

14 Urðunarsvæði – Plön og búnaður vegna móttöku lífræns úrgangs s.s. dýrahæ, seyru o.fl. auk þess að gert er ráð fyrir tönkum til móttöku á seyru og úrgangi sem þarfnast sérhæfðra innviða. Á byggingarreit eru áætluð vinnsluplön fyrir lífrænan úrgang. Tankstærð fyrir seyrumóttöku getur orðið allt að 400.000 lítrar hver tankur innan byggingarreits. Lekahelt undirlag plana og aðliggjandi urðunarreina. Á plönunum verður úrgangur meðhöndlaður áður en hann er komið til nýtingar eða urðaður á lekaheldum urðunarreinum. Heimild er fyrir safntönkum/gámum o.fl. á plönunum. Svæðið allt (14) verður klætt lekaheldu undirlagi s.s. dúk eða öðru öruggu undirlagi til að tryggja að grunnvatnsrennsli fari allt í safnþró til frekari meðhöndlunar. Gert er ráð fyrir að þró fyrir söfnun á sigvatni frá botnþéttri urðunarrein verði innan byggingarreitsins. Gert er ráð fyrir að útfall frá sigvatnsþró verði geislað til að lágmarka mengun frá söfnunarsvæðinu. Innan byggingarreits verður aðstaða fyrir geislunar- og hreinsibúnað.

15 Miðlunartankar – Á byggingarreit er gert ráð fyrir uppbyggingu á miðlunartönkum fyrir hitaveituvatn sem framleitt er með eyðingarstöðvum í formi brennslu. Miðlunartankarnir verða að mestu neðanjarðar í mannvirki sem tryggir aðgengi að þeim til að viðhafa eftirlit og viðhald með búnaðinum. Gera má ráð fyrir byggingu allt að 200 m<sup>2</sup> sem hýsir dælu og stjórnbúnað vegna miðlunar á orku inn á dreifikerfi hitaveitu sem rekin er í Rangárvallasýslu.

#### 4.3 Urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang

Nú þegar hefur verið urðað í suðurhluta svæðis og hefur það verið grætt upp. Núverandi urðunarsvæði stækkar til norðurs og framtíðar urðunarsvæði minnkar sem því nemur. Innan framtíðar urðunarsvæðis er svæði fyrir sigþró með lekaheldu undirlagi. Grafa þarf reinar fyrir urðun nokkurn vegin jafnóðum þar sem sandurinn er laus í sér og hrynur úr hliðum ef gryfjur standa opnar í einhverja daga. Urðunarreinar eru allt að 9 m djúpar og við frágang er gert ráð fyrir að jarðvegur við yfirborð verði um 1,5 m hærra en núverandi yfirborði lands. Gert verður dren sunnan og austan urðunarreinar. Þar sem þörf er á s.s. vegna urðunar úrgangs sem ekki er heimilt að jarðgera verður sett botnþétting og sigvatn leitt í sigþró. Gengið verður frá urðunarreinum jafn óðum og urðun lýkur og landið grætt upp.

#### 4.7 Vöktun / eftirlit

Til að vakta mögulega mengun grunnvatn neðan til á urðunarsvæði er fylgst með ástandi vatns í borholum á svæðinu. Þar fer fram reguleg sýnataka til að athuga hvort óæskileg aukaefni greinist í grunnvatni. Verði vart um mengun verður útrennsli frá lekaheldum svæðum stöðvað og gripið til viðeigandi ráðstafanna eftir eðli mengunar í samráði við eftirlitsstofnannir s.s. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Matvælastofnun eða Umhverfis- og orkustofnun.



## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu deiliskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Breyting á deiliskipulagi gerir ráð nýjum byggingarreitum og plönum fyrir meðhöndlun úrgangs, lekavarna, auk byggingarreita fyrir plön, skemmur, og mögulega sorpbrennslu. Gert er ráð fyrir því meðhöndlun mengang úrgangs s.s. seyru og dýraúrgangi verði eytt með brennslu og/eða urðun á lekaheldum urðunarsvæðum innan skipulagssvæðisins þaðan sem fráveituvatn verður meðhöndlað. Í starfsleyfi verða settar kröfur um hreinsun á fráveitu, rekstraraðili skal fylgja þeim kröfum og sjá til þess að öll ákvæði laga og reglugerða um fráveitu séu uppfyllt. Verði af uppbyggingu brennsluofns verður hann ætlaður fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2. Hámarks afkastageta ofnsins er allt að 5.000 tonn á ári. Ferli umhverfismats framkvæmdarinnar í samræmi við eldri lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er lokið fyrir brennslu á dýraleifum. Í áliti Skipulagsstofnunnar dags. 15. júní 2021 kemur fram að jákvætt sé að tekin sé upp förgun á dýraleifum sem samræmist gildandi reglum. Framkvæmdin er helst talin hafa áhrif á loftgæði, vatnsgæði og lyktarónæði en áhrifin ættu að vera óveruleg ef vandað er til verka við undirbúning og framkvæmd brennslunnar. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi þurfi að setja viðmiðunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri frá brennsluofninum, skilyrði um vöktun mengunarefna og mótvægisáðgerðir ef losun er ekki innan marka. Unnið er að uppfærðu umhverfismati í samræmi við fyrirhugaðar framkvæmdir sem taka til annarra þátta heldur en brennslu á dýraleifum. Eftir atvikum verða skilmálar og mögulegar mótvægisáðgerðir settir í starfsleyfi.

**Breytt skipulag:** Svæðið sem ætlað er fyrir brennslu sorps og mögulegar urðunnar dýrahæja á lekaheldum urðunarsvæðum innan skipulagssvæðisins er allt raskað og því eru áhrif á lífríki metin óveruleg og hafa mælingar á svæðinu stutt það. Með tilkomu nýrra bygginga og allt að 20 m stromps/reykháfs verða ný mannvirki sýnileg langt að, enda fátt sem skyggir á á flatlendinu nema jarðvegsmanir umhverfis svæðið, sem varna sýn inn á svæðið, fyrir þau sem eiga leið hjá. Nýjar byggingar bætast við þær byggingar sem eru á svæðinu með óverulegum áhrifum á ásýnd. Ekki er heldur talið að hár reyk háfurinn verði áberandi og útblástur ætti að vera lítt sýnilegur, litlaus og í formi gufu. Áhrif á ásýnd eru því talin óveruleg. Lífrænn úrgangur er helsti orsakavaldur lyktar frá meðhöndlun úrgangs og alltaf er mögulegt að ólykt verði þar sem slíkum úrgangi er safnað. Viðeigandi mótvægisáðgerðir verða settar í samræmi við umhverfismat til að takmarka verulega lyktarmengun og koma jafnvel alveg í veg fyrir hana. Við meðhöndlun ösku úr brennsluofni mun framkvæmdaraðili gæta þess að hún þyrlist ekki upp og taka þarf því tillit til veðurs við meðhöndlun öskunnar. Með skilmálum úr umhverfismati framkvæmdarinnar um mótvægisáðgerðir gegn lyktarmengun, sem eiga að rata í starfsleyfi, er metið að áhrif á loftgæði og loftslag séu óveruleg. Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins 103-252-G Landeyjar og er umhverfismarkmið þess að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand og ætla má að hvort tveggja sé gott. Vatnshlotið er ekki skráð í hættu en staðbundin mengun á grunnvatni er vegna urðunar á lífrænum úrgangi. Vatnshlotið er 1266,8 km<sup>2</sup> að stærð og hefur vatnstaka og fráveita frá byggð og atvinnustarfsemi möguleg samlægðaráhrif vegna breytingarinnar. Nokkurt frárennsli verður vegna þrifa tengdum úrgangi sem fer í brennslustöðina og getur þvottavatnið innihaldið sóttmengaðar lífrænar dýraleifar. Settir eru skilmálar í deiliskipulagi um fráveituvatn frá þvottum og meðhöndlun mengandi úrgangs, fari í viðeigandi hreinsun vatnsins. Með breytingunni er verið að auka mengunarvarnir og eftirlit til að stuðla að því að vatnshlotið nái umhverfismarkmiðum sínum í samræmi við Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála

nr. 36/2011 og eru áhrif á vatnsgæði því metin óveruleg/jákvæð. Með framkvæmdinni opnast leið til viðunandi förgunar dýraleifa og er það mikilvæg þjónusta fyrir atvinnulíf. Jafnframt styrkir framkvæmdin rekstur sorpförgunarsvæðisins og skapar aukin atvinnutækifæri. Áhrif á samfélag og atvinnulíf eru því talin jákvæð. Með nýrri þjónustu á svæðinu má gera ráð fyrir að umferð um það aukist, þá aðallega þungaflutningar. Tilkoma ofnsins dregur úr flutningi dýraleifa á milli landshluta, þegar ekki þarf lengur að flytja úrganginn til eyðingar í öðrum landshlutum. . Hverfandi líkur eru á að hljóðmengun á framkvæmdatíma eða rekstartíma fari yfir sett mörk í reglugerðum, og því eru áhrif á hljóðvist og umferð metin jákvæð.

**Óbreytt skipulag:** Núverandi svæði er nú þegar notað fyrir sorpstöð en óbreytt deiliskipulag heimilar ekki þær byggingar eða aðstöðu, sem þarf til að starfrækja þar brennslustöð og urðun mengandi úrgangs, sem m.a. er ætlað til að leysa vanda við förgun dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2. Dýraleifar frá sveitarfélögum og einkaaðilum á Suðurlandi er urðað á Strönd en urðun uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um förgun þeirra. Ef deiliskipulag verður óbreytt, þá munu þessar dýraleifar áfram fara í urðun, sem uppfyllir ekki lög og reglugerðir og hefur neikvæð áhrif á umhverfið. Auk þess sem safna þarf saman dýrahraejum og geyma með tilheyrandi lyktarmengun sem síðar þarf að aka með langar vegalengdir til förgunar. Í matsskýrslu framkvæmdarinnar kemur fram að ekkert bendi til að aðrir valkostir sem kæmu til greina hefðu í för með sér minni neikvæð áhrif á umhverfið.

**Niðurstaða:** Sveitarfélagið vill heimila aukin umsvif á starfsemi sorpstöðvarinnar fyrir áframhaldandi meðhöndlun endurvinnsluefna, urðun og brennslu á sorpi og dýraleifa, ásamt því að heimila þær byggingar sem þörf er á fyrir brennslustöð. Mun það leysa bráðan vanda förgunar þessa úrgangsflokks. Svæðið sem um ræðir er þegar raskað og er þar í dag rekin Sorpstöð sem annast alla meðhöndlun og förgun úrgangs í umboði byggðasamlags sem nær yfir Rangárvallasýslu. Jákvætt er að verið sé að taka til ráðstafanna til að betur mæta þeim kröfum um vöktun sem settar eru fram í lögum um vatnamál. Þá er jákvætt ef hægt er að nýta urðunarsvæði betur, en nú er gert. Það er niðurstaða sveitarfélagsins að meðhöndlun mengandi úrgangs, eins og fram er sett, ásamt tilheyrandi starfsemi og byggingar, muni ekki hafa neikvæð umhverfisáhrif umfram þá starfsemi sem nú er. Með vöktunarkerfi, góðum verkferlum og viðhaldi búnaðar verður hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif. Ítarlegri umfjöllun um umhverfisáhrif brennslustöðvarinnar kemur fram í umhverfismati framkvæmda og verður nánar gert grein fyrir mótvægisáðgerðum og skilmálum fyrir starfseminu í starfsleyfi. Mjög æskilegt er að nýta þá varmaorku sem til verður, við brennslu.